

Stjórn Regins hf.  
B.t. Tómasar Kristjánssonar, stjórnarformanns  
Hagasmára 1  
201 Kópavogi

Reykjavík, 11. október 2023

### **Varðar: Valfrjálst yfirtökutilboð Regins hf. í hlutabréf Eikar fasteignafélags hf.**

Stjórn Eikar fasteignafélags hf. („**Eik**“) birti þann 13. september 2023 greinargerð sína vegna yfirtökutilboðs Regins hf. („**Reginn**“) í allt hlutafé útgefið af Eik samkvæmt tilboðsyfirliti er birt var þann 10. júlí 2023. Þann 14. september 2023 birti Reginn viðauka við tilboðsyfirlit sitt til hluthafa Eikar þar sem tilboðsverðið var hækkað.

Í kjölfar þess birti stjórn Eikar þann 20. september 2023 viðbót við greinargerð sína þar sem fram kom að stjórn Eikar tæki að svo stöddu ekki afstöðu til þess hvort hún geti mælt með því við hluthafa sína að taka breyttu tilboði, en áleit hækkun tilboðsverðsins jákvæða þróun. Jafnframt kom fram að stjórn Eikar hygðist birta uppfærða afstöðu til hins breytta tilboðs Regins a.m.k. einni viku áður en gildistími þess rennur út. Framlengdur gildistími tilboðs Regins nær nú til 13. nóvember 2023.

Af þeim gögnum sem Reginn hefur gefið út í tengslum við tilboðið og greinargerð stjórnar Eikar verður ráðið að grundvallarmunur er á því hvernig félögin, ráðgjafar þeirra og óháðir greinendur verðmeta félögin og þar með hvert skiptihlutfall skuli vera þeirra á milli. Þessu til viðbótar hafa verið, og eru, ólíkar stefnur félaganna og framtíðaráform einkum er varðar arðgreiðslur, þróunareignir og dreifingu eignasafns.

Stjórn Eikar vill með bréfi þessu lýsa yfir vilja sínum til þess að skoða sameiginlega með stjórn Regins grundvöll sameinaðs félags með fyllri hætti. Með hagsmuni hluthafa beggja félaga að leiðarljósi, telur stjórn Eikar að samtal og skoðanaskipti ráðgjafa félaganna beggja gæti aðstoðað við að brúa það bil sem virðist vera á milli félaganna.

Óskar stjórn Eikar því eftir viðræðum við stjórn Regins um tilboðið og áherslur sameinaðs félags, ef af yrði, til að kanna hvort stjórn Regins sé reiðubúin til að breyta áherslum sínum og veita stefnu Eikar meira vægi í framtíðaráformum sínum.

Það er von stjórnar Eikar að með slíku samtali fáiast hagfelld niðurstaða fyrir hluthafa sem og aðra haghafa félaganna áður en stjórn Eikar hyggst birta uppfærða afstöðu til hins breytta tilboðs.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. stjórnar Eikar fasteignafélags hf.

Bjarni K. Þorvarðarson, stjórnarformaður